

Alþingi
Erindi nr. P 137/455
komudagur 29.6.2009



Hefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. júní 2009

Efni: Umsögn Hagsmunasamtök heimilanna um tillögu til þingsályktunar um afskriftir af höfuðstól lána íslenskra heimila og rekstrarfyrirtækja. 137. löggjafarþing 2009. Þskj. 49 — 49. mál.

F m.: Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Birkir Jón Jónsson, Eygló Harðardóttir, Gunnar Eragi Sveinsson, Guðmundur Steingrímsson, Höskuldur Þórhallsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Sív Friðleifsdóttir, Vigdís Hauksdóttir.

Umsögn

Hagsmunasamtök heimilanna hafa hingað til ekki fjallað sérstaklega um málefni rekstrarfyrirtækja. Umsögn þessi miðast því fyrst og fremst við það sem snýr að heimilum.

Almennt lýsa Hagsmunasamtök heimilanna (HH) yfir fullum stuðningi við þá tillögu sem hér er til umsagnar.

Hagsmunasamtök heimilanna hafa auk þess sjálf lagt fram tillögur sem byggja á sömu rálgun og sú tillaga sem hér er til umfjöllunar. Hins vegar hafa samtökin lagt til aðra útfærslu þegar kemur að leiðréttingu lána sem miðast við að gengistryggð lán verði ræðhöndluð með öðrum hætti heldur en verðtryggð í ljósi þess hvaða áhrif veiking krónunnar hefur haft á hvoru tveggja höfuðstól sem afborganir þeirra. Það er að segja að það verði upp á að gengistryggð lán verði umreiknuð sem verðtryggð krónulán frá liúntökudegi einstakra lána og samhliða verði verðbótapáttur verðtryggðra lána tákmarkaður við 4% að hámarki frá og með 1. janúar 2008.

Hagsmunasamtök heimilanna sjá ekki ástæðu til að fara nánar ofan í saumana á eigin tillögum að svo stöddu. Samtökin lýsa sig engu að síður reiðubúin að kynna þær sérstaklega sé þess óskað. Tillögur HH eru einnig aðgengilegar á heimasíðu samtakanna v www.heimilin.is

Virðingarfyllt,

fh. Hagsmunasamtaka heimilanna

Arney Einarsdóttir

Vilhjálmur Árnason

Andrea Ólafsdóttir

Þórður Björn Sigurðsson